

Efni: Niðurstöður opunar tilboða í Frístundamiðstöð um hönnun og ráðgjöf 14.04.2021

Á 18.fundi Frístunda- og menningarnefndar var óskað eftir við bæjarstjórn, viðauka að upphæð 28 m.kr við fjárhagsáætlun vegna undirbúnings og frumhönnunar á Frístundamiðstöð Árborgar.

Á 32.fundi bæjarstjórnar var sá viðauki samþykktur.

Í kjölfarið var útboð á hönnun og ráðgjöf sett af stað. Útboðinu var stillt upp í 3 mismunandi áfanga:

1. Forhönnun, valkostagreining og gerð kostnaðaráætlunar.
2. Fullnaðarhönnun ráðgjafa, gerð útboðsgagna og verklýsingar framkvæmda.
3. Ráðgjöf á útboðs – og framkvæmdartíma.

Tilboð í verkefnið voru opnuð 12.04.2021 kl.15:00.

Tvö tilboð bárust

- | | |
|--|-------------------|
| 1. VSÓ Ráðgjöf | 65.943.075 |
| 2. VSB Verkfræðistofa og Yrki arkitektar | 52.855.756 |
| Kostnaðaráætlun | 46.750.000 |

Tilboð lægst bjóðanda skiptist í eftirfarandi verkliði:

Tilboðsliðir VSB og Yrki Arkitekta	kr. með vsk
1. Forhönnun, valkostagreining og gerð kostnaðaráætlunar	13.912.808
2. Fullnaðarhönnun ráðgjafa, gerð útboðsgagna og verklýsingar framkvæmda.	30.913.676
3. Ráðgjöf á útboðs – og framkvæmdartíma	3.221.272
Samtals hönnun og ráðgjöf	48.047.756
Viðbótarverk og ófyrirséð 10 %	4.808.000
Heildar tilboðsfjárhæð	52.855.756

Að frá töldum mögulegum viðbótarverkum og ófyrirséðum ráðgjafakostnaði er tilboð lægstbjóðanda 103 % af kostnaðaráætlun og tilboð lægstbjóðanda í 1. áfanga er um 14 mkr. og því langt undir samþykktum fjárheimildum fyrir undirbúning og frumhönnun verks. Í ljósi ofangreinds er lagt til að samið verði við lægstbjóðanda sem að lokinni yfirferð uppfylla kröfur útboðsgagna.

Fyrirvari var settur inn í út útboðið er varðar heimild til þess að falla frá ráðgjafa áföngum 2 og 3 og segja upp samningi, bótalaust að því er varðar áfanga 2 og 3, verði verkefnið ekki endanlega samþykkt af bæjarstjórn Árborgar að lokinni vinnu ráðgjafa við áfanga 1.

Atli Marel Vokes

Sviðsstjóri mannvirkja- og umhverfissviðs.